

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 197/2022

2022/EES/66/33

frá 10. júní 2022

um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/933 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 469/2009 um vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf⁽¹⁾.
- 2) Liechtenstein skal ekki afgreiða vottorð um viðbótarvernd lyfja eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 469/2009⁽²⁾, í krafti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2017 frá 5. maí 2017⁽³⁾. Því gildir reglugerð (ESB) 2019/933 ekki gagnvart Liechtenstein.
- 3) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

6. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 469/2009) í XVII. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„, breytt með.

- **32019 R 0933**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/933 frá 20. maí 2019 (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2019, bls. 1).“

2. Aðlögunartextar a) til c) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar b) til d), í þeirri röð.

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á undan aðlögunartexta b):

„,a) Í 10. mgr. 5. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „1. júlí 2019“ sem á/fyrir „gildistökuðegi/gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2022 frá 10. júní 2022“.“

4. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta d):

„,e) Að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar texti -I. viðauka sem hér segir:

„**Kennimerki**

Þetta kennimerki skal vera svart og nógu stórt til að vera nægilega sýnilegt.



⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 1 og EES-viðbætur 11, 7.2.2019, bls. 49.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 41.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/933, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.